



Innsetningarræða
Ásgeirs Ásgeirssonar
í embætti forseta Íslands
1. ágúst 1952

Íslendingar, erlendir fulltrúar!

Ég tek með auðmýkt og bæn um vit og styrk við þessu háa embætti, sem varð laust við fráfall hins fyrsta forseta Íslands, herra Sveins Björnssonar. Ég þakka hæstvirtum forseta Hæstaréttar og öllum almenningi árnaðar- og blessunaróskir. Ég þakka þeim, sem hafa sýnt mér tiltrú og öllum þeim, sem nú vilja styðja mig í samstarfi að því marki, sem vér keppum að: heill, heiður og hamingja íslensku þjóðarinar.

Mér er nú mikill vandi á höndum. Hinn fyrsti forseti hins endurreista lýðveldis lagði grundvöllinn. Hann hafði öll skilyrði til að taka við æðstu völdum þjóðar sinnar og gegna þeim störfum sem þjónustu. Það kom í hans hlut að leysa ýmsan vanda, en fjölþætt lífsreynsla hans, góðar gáfur og sáttfýsi greiddu vel úr og giftusamlega fyrir land og þjóð. Hann átti ríkan þátt í að gera forsetum Íslands framtíðarbústað af smekkvísi og stórhug, og þó öllu stillt í hóf við hæfi fámennrar þjóðar. Heimili forsetans og hans ágætu frúar var viðurkennt fyrir gestrisni og hæversku við móttökur innlendra manna og erlendra. Bessastaðir munu lengi búa að fyrstu gerð og geyma minningu þeirra. Herra Sveinn Björnsson vann dyggilega sitt hlutverk í sögu Íslands um fjörtútu ára skeið og hann hefur tryggt sér þar sess. Vér minnumst hans í dag með þakklæti og virðingu.

Sá sem er fyrstur í starfi á ríkan þátt í að móta þær venjur, sem skapast um beitingu valdsins. Stjórnarskrá Íslands fær forseta mikið vald, í orði kveðnu en takmarkar það við vilja Alþingis og ríkisstjórnar. Um löggjöf og stjórnarathafnir þarf undirskrift ráðherra, sem bera hina pólitísku ábyrgð. Forsetinn skipar ráðherra og veitir þeim lausn, en er um það bundinn af vilja meirihluta Alþingis – ef hann er til, svo sem vera ber. Þegar þjóðin hefur kosið til Alþingis, þá ætlast hún til, að þingmenn hafi lag og vilja á, að skapa starfandi meirihluta. Það er hættulegt fyrir álit og virðingu Alþingis, þegar það mistekst, og ætti helst aldrei að koma fyrir. Það er þjóðarnauðsyn að áhrif forsetans til samstarfs og sátta séu sem ríkust, og þá sérstaklega, þegar stjórnarmyndun stendur fyrir dyrum. Um það starf er þegar nokkur reynsla fengin á átta árum frá stofnun lýðveldisins, en fordæmin ná lengra, því hér var þingbundið konungdæmi frá því vér fengum innlenda stjórn, og er auk þess til hliðsjónar öll þróun þingbundinnar konungsstjórnar á Norðurlöndum og víðar um heim. En hver sá forseti, sem vinnur að sundrung og lætur sig engu skipta vilja Alþingis og kjósenda í landinu, hann hefur rofið eið sinn og verðskuldar þá meðferð, sem stjórnarskráin heimilar.

Trúin á þjóðina, traust á almenningi, er grundvöllur stjórnskipulags vors, fólkið sem áður safnaðist í Almagnagjá, en nú í kosningum um land allt, að undangengnum

frjálsum umræðum. Þetta er eina stjórnskipulagið, sem leysir þjóðirnar undan oki ofbeldisins. Kosningar eru aldrei hættulegar í lýðfrjálsu landi, það væri áfelligsdómur um lýðræðið sjálft. Þær eiga að líkjast sverðinu Sköfnungi, sem græddi hvert sár, sem veitt var með því. Baráttan er óhjákvæmileg og átök nauðsynleg. Það eru leikreglurnar, sem einkenna lýðræðið, og friðsamleg úrlit. Lýðræðið er jafnan í hættu, og ein hættan er nútíma áróðurstækni, sem er mótuð í einræðisanda. Frjálsar umræður, vakandi áhugi almennings og þjóðarþroski er sterkasta vörnin. Þá láta staðreyndirnar ekki að sér hæða, – og sannleikurinn mun gera yður frjálsa.

Lýðræði er ekki öllum hent. Það verður að byggja á langri sögu, menningu og þroska. Sú höll sem reist er á einni nóttu hverfur í jafnskjótri svipan. Vér Íslendingar erum einna frægastir af bókmenntum og langri þingsögu. Hæfileikinn til sjálfstjórnar hefur þroskast heima í héruðum og á Alþingi í þúsund ár. Vér höfum stjórnsmálaheiður að varðveita. Það væri oss til vanvirðu á alþjóðamælikvarða, ef þingstjórn og lýðveldi gæfist hér illa. Braut íslenskrar sjálfstæðisbaráttu er bein eins og ferill Jóns Sigurðssonar, endurreist Alþingis, verslunarfrelsi, fjárráð landsins, málfrelsi, félagsfrelsi, almennur kosningaréttur, heimastjórn og endurreisn lýðveldisins á Íslandi. Það er hættulegt, ef vér gleymum baráttunni, sem á undan var gengin, og vanmetum þann rétt einstaklinga og alþjóðar, sem unninn er, og teljum það jafn sjálfsagt og loftið, sem vér öndum að okkur. Sjálfstæði jafnt og lýðræði er aldrei tryggt nema Íslendingar standi sameinaðir um að varðveita það. Þúsund ára þingsaga ætti að ljá oss lífsreynslu og spekt og átta ára lýðveldi þróttinn til að meta að verðleikum og varðveita dýrmætan arf.

Fámenn þjóð og afskekkt má ekki við því að afrækja arf feðranna. Saga þjóðarinnar, bókmenntir, tunga og þjóðerni er hennar sverð og skjöldur. Þjóðin kom að ónumdu landi og þurfti engum frumbyggjum að ryðja úr vegi. Það er einn sólskinsbletturinn í sögu Íslendinga. Vér erum fámenn þjóð og höldum hvorki her né flota. Landvinningar og undirokun snúa ekki vorri ættjarðarást í villu. Vér viljum hafa friðsamleg skipti við allar þjóðir, og eigum þeirri gæfu að fagna að vera umkringdir af friðsamlegum lýðræðisþjóðum. Þeirra eru Norðurlandþjóðirnar oss skyldastar að ætt, uppruna og öllum hugsunarhætti. En lega landsins skapar oss nágrenni við hinar engilsaxnesku þjóðir bæði um öryggi og viðskipti. Vér erum einbúinn í miðju Atlantshafi, sem horfir beint í augu annarra þjóða sem jafningi, hvorki með auðmýkt né yfirlæti, heldur sem þjóð á borð við aðra.

Hér er gerð merkileg tilraun til að halda uppi ríki móts við stærri þjóðir. Vér eigum að sjálfsögðu mest undir því, að þær þjóðir sem ráða lofti og legi, virði rétt smáþjóðanna, þann rétt, sem þær hafa skapað sér með sjálfstjórn, þroska og auðugri menning. Fámenn þjóð hefur kosti, sem stórþjóðir eiga erfiðara með að varðveita. Í fámenni varðar oss meir um hvers annars hag en í fjölmenni. Það kannast allir Íslendingar við, sem fundið hafa til einveru í erlendri stórborg. Hér varðar oss miklu líðan hvers annars. Hinni eldri kröfu um frjálsræði og jafnræði gagnvart lögum og um völd er að miklu fullnægt. Og hin yngri krafa um skyldur þjóðfélagsins til að tryggja atvinnu og afkomu þegnanna á hér góðan jarðveg og er viðurkennd af öllum. Íslendingar setta sig ekki lengur við örbirgð og vesaldóm og allra síst við hóflausa misskipting líf skjara. Árferði er breytilegt og afli misjafn, en moldin er frjósöm og miðin auðug. Tæknin er vaxandi og líf skjör þjóðarinnar hafa stórum batnað á síðustu áratugum. Þjóðfélagið hefur hér nýtt verkefni, sem því var ekki eignað áður. Það er meðábyrgt um líf skjörin og hinar stærri framkvæmdir, sem einstaklingar ráða ekki við. Kröfur eru hér miklar og réttindi, en hin hliðin á þeim er þegnaskyldan, sem er því

ríkari, þar sem hér er engin herskylda. Launin verða aldrei til lengdar stærri en uppskeran.

Samt verður göfgi þjóðlífsins aldrei mælt í afurðum. „Hjartað heimtar meira en húsnæði og brauð.“ Margbreyttir hæfileikar Íslendinga og gáfur njóta sín nú að vísu betur en áður við batnandi hag. Þjóðin er eins og þegninn, hún hefur ekki einungis líkama, heldur og sál.

Ofstækið fellur hér að mestu í farveg stjórnmalanna, en það má ekki henda, að hringiða flokkadráttu segi til sín allt andlegt líf. Hinna stærstu verðmæta getum vér notið í sameiningu, þau eru einföld, hljóðlát og göfgandi. Þjóðernið er okkar einkunn, svipur landsins, samhengi sögunnar og samhugur vor allra, sem nú erum uppi. Öll landsins börn eiga jafnan rétt til menningararfsins mikla, eftir því sem þeim er áskapað að njóta hans og ávaxta. Róflaus lýður verður ekki langlífur í neinu landi. Ef vér finnum samhengi liðinna kynslóða og eining allra þeirra, sem nú byggja landið, í sál okkar á hátíðlegum stundum, þá höfum vér í spenntum greipum það krossmark, sem fjandsamleg öfl flýja fyrir. Ef ég á mér ósk á þessari stundu, sem ég vona, þá er hún sú, að mér auðnist að taka starfandi þátt í lífi þjóðarinnar, njóta í yðar hópi hátta landsins, sögu, bókmennta og daglegra starfa á þann veg, að öryggi og menning Íslands fari vaxandi. Vér trúum á landið, treystum á þjóðina og felum oss forsjá Guðs. Hann blessi oss og varðveiti á viðsjálum tímum.